

## Líftöluhækkun – gátlisti

### Mjólkurtankur:

- Er orðið lítið eftir í sápu- eða sýrubrusum?
- Eru sápu- og sýrudælur í lagi?
- Eru slöngur í eða úr sápu- og sýrudælum heilar? Flatar?
- Dælist rétt magn af sápu/sýru við þvott? Lítið gat á slöngu getur orsakað að ekki skili sér nægilegt magn af sápu/sýru á leiðarenda.
- Var skipt um sáputegund? Þarf þá meira magn af sápu fyrir sömu virkni?
- Stundum rofnar sjálfvirk tilkynning til bónda, ekki treysta blindandi á tæknina.
- Hitastig á þvottavatni á að vera a.m.k. 75-85°C í byrjun þvottar og a.m.k. 40-45°C eftir hringrásarþvott.
- Vantar kælimiðil?
- Er hræran í tanknum í lagi?
- Er kæling í mjólkurtanki í lagi? Flókt á hitastigi er ávísun á vesen!
- Eru útfellingar/mjólkursteinn í tanknum? Leynist oft á hræruspaða og við útgangsstút.
- Skoðið reglulega inn í tankinn eftir þvott.

### Mjaltaþúnaður:

- Eru spenagúmmí heil? Ný gúmmí springa líka!
- Er komin sprunga í spenahylki?
- Skoðið endaeiningu (mjólkurskila), þar sjást oft óhreinindi ef þvottur er ónógur. Þreifið til að athuga hvort endaeiningin sé ekki örugglega stöm viðkomu eftir aðalþvott.
- Gott er að þreifa á lögnum í aðalþvotti til að athuga hvort allar lagnir hitni eins og vera ber.
- Hlustið! Óeðlileg soghljóð benda til að loft dragist inn og hafi áhrif á þvott.
- Eru pakkningar við rörasamskeyti orðnar hrjúfar eða ósléttar? Mjólkurslöngur? Membrur?
- Eru kranar óþéttir?
- Er forkælirinn í lagi?
- Hreinsið soglagnir reglulega!
- Sorakút/rakakút, tenging á milli mjólkurlagna og sogdælu, þarf að þrifa reglulega.
- Þarf að skipta út spenaburstum (Lely)?
- Mjaltafatan – hefur soglögnin verið hreinsuð nýlega og eru kranar þéttir?

### Gripir:

- Er veik kýr? Veikindi geta verið allskonar, ekki bara júgurbólga sem getur valdið líftöluskoti.
- Er mjólk úr spena gul-leit og fitan ystir? Það þýðir há líftala!

### Annað:

- Fáðið fullnægjandi upplýsingar frá þjónustuaðila um hvaða þjónusta er veitt hverju sinni.
- Notið skynfærin – horfið, hlustið, þefið og finnið!

**Ef óhreinindi komast út, þá komast þau líka inn!**